



Pistill formanns

Árið hefur verið viðburðarríkt innan skólahreyfingarinnar. Skólapresturinn okkar, Guðni Már Harðarson, hefur haldið til annarra starfa en snemma síðasta sumar var hann valinn prestur í Lindaprestakalli. Við óskum honum hjartanlega til hamingju með nýja prestsstarfið um leið og við þökkum fyrir frábær störf hans í þágu hreyfingarinnar.

Í kjölfar þessa ákváðu stjórnir KSH og KFUM og KFUK á Íslandi að hefja samstarf um ráðningu nýs starfsmanns innan félaganna. Sá starfsmaður hefði á sinni könnu það sama og skólaprestur hefur hingað til starfað við innan KSH og að auki sinnti hann starfi á vegum KFUM og KFUK meðal ungs fólks á aldrinum 16-30 ára. Starfsmaðurinn væri því í 100% starfi sem skólahreyfingin greiddi að hálfu. Þessi hugmynd var útfærð enn frekar og ákveðið var að auglýsa eftir

æskulýðspresti. Ástæðan fyrir þessu nýja heiti er sú að orðið skólaprestur hefur því miður hlotið frekar neikvæða merkingu í samfélaginu, auk þess sem orðið æskulýðsprestur lýsir betur því starfi sem um er að ræða.

Um miðjan júlí var staðan auglýst og þann 1. ágúst sl. var Jón Ómar Gunnarsson, guðfræðingur, valinn. Hann hóf störf í byrjun september og hlaut prestsvígslu þann 5. október sl. Við bjóðum hann hjartanlega velkomin til starfa með ósk og bæn um Guðs blessun í því sem framundan er.

Um miðjan október var haldið norrænt stúdentamót í Vatnaskógi með þátttakendum frá fimm löndum. Mótið tókst afskaplega vel og er þar ekki síst að þakka frábærri mótsnefnd innan KSF sem lagði sig alla fram við undirbúning og framkvæmd. Færi ég þeim bestu þakkir fyrir hönd stjórnar KSH. Leita þurfti nýrra leiða við

fjáröflun mótsins þar sem styrkir sem treyst var á bárust ekki. En bænir og hlýhugur margra, bæði innlendra og erlendra aðila, gerði það að verkum að áætlanir stóðust og allt fór vel. Guði sé lof og þökk fyrir það.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum velunnurum hreyfingarinnar fyrir stuðninginn við starfið allt í orði og verki. Við væntum mikils af nýjum starfsmanni og vonum að hann eigi eftir að styðja vel stjórnir og störf aðildarfélaganna okkar, KSS og KSF. Munum eftir að biðja fyrir honum og félögunum okkar áframhaldandi. Munum einnig eftir að biðja fyrir hvert öðru, nú á erfiðum tímum, þegar óvissuástand ríkir í íslensku þjóðfélagi. Guð blessi ykkur öll.

Íris Kristjánsdóttir, formaður KSH



Fel Drottni vegu þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá.

Davíðssálmur 37:5

Upphaldsvers Kristbjargar Heiðrúnar Harðardóttur 19 ára nema í Kvennó. Kristbjörg er gjaldkeri KSS.

Skólamót KSS

Helgina 3. – 5. október héldu um 90 KSS-ingar, eldhússtarfsfólk og leiðarar Haustskólamót í Vatnaskógi. Yfirskrift mótsins var „Kristin dægurmenning“ og var umræðuefnið þrískipt. Sr. Jón Ómar Gunnarsson hélt erindi undir yfirskriftinni „Kristin trú og Simpsons.“ Sr. Gunnar Sigurjónsson fjallaði um kvikmyndina Matrix og hvernig kristin trú birtist í kvikmyndinni. Ingunn Huld Sævarsdóttir flutti erindið „Kristin trú og lofgjörð.“ Margir þátttakenda voru að fara á sitt fyrsta skólamót og líkaði dvölin í Vatnaskógi vel. Stjórn KSS hafði útbúið skemmtilega dagská og tókst vel að hrista hópinn saman. Leiðarar á mótinu voru Anna Arnardóttir, Björgvin Þórðarson, Þráinn Haraldsson, Erla Guðrún Arnmundardóttir, Haukur Árni Hjartarson, Þóra Jenny Benónýsdóttir og Jón Ómar Gunnarsson. Um eldamennskuna sáu þau Rakel Brynjólfssdóttir ráðskona og Arnór Heiðarsson.

Nýársnámskeið KSS

Árlegt nýársnámskeið KSS verður haldið í Vindáshlíð helgina 9.-11. janúar. Nýársnámskeið er haldið í janúar ár hvert. Undanfarin ár hefur það verið haldið í Ölveri og því var ákveðið að prófa nýjan stað og varð Vindáshlíð fyrir valinu. Yfirskrif mótsins í ár er „Biblían – meiriháttar bók!“ Fjallað verður um Biblíuna og þeim henni tengdri á fræðslustundum og í umræðuhópum námskeiðsins. Nýársnámskeið er fyrir ungt fólk sem komið er í menntaskóla og vill fara dýpra í efni Biblíunnar en á skólamóti. Á námskeiðinu er vitnisburðastund og á henni koma oft mjög góðir og uppbyggilegir vitnisburðir sem eru mörgum mikill styrkur í trúnni. Námskeiðið er þó ekki einungis fræðsla heldur er líka hægt að stunda íþróttir, fara í göngutúra í fallegru náttúrunni eða bara slappa af með vinum sínum.



Fjör á skólamóti KSS

Nýársnámskeið er ekki jafnfjölmennt mót og skólamót (á mótíð koma um 35-50 manns) og myndast því oft sérstök og persónuleg stemning sem flestir telja stærsta kostinn við þessi mót. Þetta er kjörið tækifæri til að kynnast sjálfum sér, vinum sínum og Guði betur. Allir sem hafa aldur til eru hvattir til þess að mæta.

Gísli Guðlaugsson

Biblíulestrar KSS

Biblíulestrar fyrir KSS-inga í umsjón Jóns Ómars, æskulýðsprests KSH eru annan hvorn fimmtudag Biblíulestrarir fara fram á Holtavegi kl. 20.00. Það sem af er hausti hefur verið fjallað um samfélag hinna fyrstu kristnu eins og það birtist í Postulasöggunni og í Fyrri Þessalóníkíubréfi. Mæting hefur verið með ágætum.

Biblíumaráðun KSS

Laugardaginn 1. nóvember fór Biblíumaráðun KSS fram og var stórgóð þátttaka. Ræðumaður á fundi þetta kvöld var sr. Bolli Pétur Bollason, sem setti maraþonið með góðri ræðu um Guðs orð. Maraþonið fór þannig fram

að á heilatímanum var lesinn einn kafli úr Matteusarguðspjalli og rætt saman í hópum um innihald kafans. Maraþonið var í senn fræðandi og samfélags-eflandi.

Hvað er framundan í KSS?

Vetrarstarf KSS er í fullum gangi um þessar mundir. Um 70 unglingar hafa verið að sækja fundina í haust sem er mjög gott. KSS-fundir verða að sjálfsögðu áfram á hverju einasta laugardagskvöldi í vetur kl. 20:30 og eru allir unglingar á aldrinum 15-20 ára velkomnir á þá. Við erum nýbyrjuð með Biblíuleshóp og leiðir Jón Ómar æskulýðsprestur hópinn. Hittist hann annan hvern fimmtudag í vetur. Á döfinni er jólakaffihúsakvöld og árleg skautafeið KSS og KSF í desember. Á nýju ári verður nýársnámskeið í Vindáshlíð haldið í janúar. Það mót er fyrir KSS-inga sem komnir eru í framhaldsskóla og er fræðslan aðeins þyngri. Við stefnum á að fara í skíðaferð til Akureyrar í byrjun febrúar ef veðrið bregst okkur ekki. Auk þess verður vorskólamótið á sínum stað um bænadagana í vor.

Hilmar Einarsson, formaður KSS

Drottinn endurgeldur hverjum manni réttlæti hans og trúfesti.

1. Samúelsbók 26.23a

Upphaldsvers Arnórs Heiðarssonar 21 árs nema við Háskóla Íslands. Arnór er tónlistarfulltrúi KSF.



Af starfi KSF

Margt hefur verið að gerast hjá KSF í vetur. KSF hóf veturinn með kynningarátaki, þar sem stúdentum í Háskóla Íslands var boðið upp á nýbakaðar vöflur um leið og starfsemi KSF var kynnt. Að kynningarátakinu loknu var haldinn glæsilegur kynningarfundur í nýjum húsakynnum, þar sem 20 stúdentar létu sjá sig.

Pann 27. september héldum við fyrsta fund KSF í safnaðarheimili Langholtskirkju og gekk hann vonum framar. Mikil ánægja er með ný húsakynni og ákveðið að halda fundina þar í framtíðinni. Einnig hafa verið haldnir heimafundir og hafa þeir vakið mikla lukku. Heimafundir eru KSF fundir sem haldnir eru heima hjá KSF-ingum með áherslu gott samfélag frekar en skipulagða dagskrá.

Dagana 15.-19. október var Stúdentamót NOSA haldið í Vatnaskógi og gekk það ótrúlega vel. Haldinn var sameiginlegur Galafundur KSS og KSF sem fór mjög vel fram og allir skemmtu sér konunglega. Framundan hjá KSF eru heimafundir, heimsókn til KSS, jólafundur, skautuferð og margt fleira.

Guðlaug Jökulsdóttir, ritari KSF

KSF fundir færðir í Langholtskirkju

Í upphafi nýs stjórnarárs var ákveðið að hefjast handa við leit að heppilegu húsnæði fyrir KSF fundi. Undanfarnir ár hefur KSF haft fundi sína í Kristniboðsalnum á Háaleitisbraut, sem því miður er orðinn of stór fyrir fundi KSF. Fljótlega fékk stjórnin augastað á safnaðarsal Langholtskirkju, en sá salur er afar heppilegur fyrir KSF fundi auk þess sem að stutt er á Holtavegin þar sem KSS heldur sína fundi. Sóknarnefnd og sóknarprestur Langholtskirkju tóku vel í hugmyndina

og 27. september var haldinn KSF fundur í Langholtskirkju í fyrsta skipti. Stjórnin lýsir yfir mikilli ánægju með samstarfið við Langholtskirkju og starfsfólk hennar. KSF mun taka þátt í nokkrum guðspjónustum í kirkjunni og þannig þakka fyrir sig.

*Guðmundur Karl Einarsson
gjaldkeri KSF.*

Trúlofuð Guði í Ölveri

Stúdentamót KSF verður haldið helgina 30. janúar til 1. febrúar í Ölveri. Skipulagning mótsins er á byrjunarstigi en þó eru komnar hugmyndir að þema fyrir helgina, þ.e. „Trúlofuð Guði.“ Það vita flestir hvernig það er að byrja í sambandi með einhverjum. Það er ótrúlega spennandi fyrst og allt er gert fyrir makann. Eftir ákveðinn tíma verður sambandið "venjulegt" og kröfurnar minnka. Við erum forvitin að vita hvernig hægt er að yfirfæra þessar tilfinningar á samband okkar við Guð og hvernig við getum tekið á því þegar sambandið við Hann dofna og hvernig hægt er að halda því sem bestu til lengri tíma. Við vonumst til þess að mótið verði uppörvandi og styrkjandi fyrir þátttakendur þess.

*Póra Jenny Benónýsdóttir
formaður KSF*

Æskulýðsprestur kennir lífsleikni í Framhaldsskólum.

Jón Ómar æskulýðsprestur hefur á haustmánuðum heimsótt Menntaskólann við Hamrahlíð og Tækniskólann og kennt fjölmörgum framhaldsskólunemum lífsleikni á



vegum Þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur nú í nokkur ár boðið upp á fræðsluerindi inn í lífsleiknikennslu framhaldssóknanna. Markmiðið er að skapa nemendum vettvang til að ræða hin ýmsu mál er snerta líf þeirra svo sem áföll, dauða, sorg, gildismat, samskipti, misskiptingu og ýmsar tilvistarspurningar. KSH fagnar þeirri góðu vinnu sem Þjóðkirkjan vinnur með lífsleikniverkefningu, en kennslan fer fram í nær öllum framhaldsskólum landsins og því einstakt tækifæri sem æskulýðspresti er gefið með því að fá að taka þátt.





Guð er oss hæli og styrkur, örugg hjálp í nauðum.
Davíðssálmur 46.2

Uppáhaldsvers Önnu Elísu Gunnarsdóttur 19 ára nema við Menntaskólann í Reykjavík. Anna er ritari KSS

Simpson, Kanye West, Kristur og U2

Í byrjun vorannar stóð Guðni Már Harðarson þáverandi skólaprestur KSH fyrir tilraunaverkefni í nokkrum framhaldsskólum. Verkefnið fólst í því að bjóða upp á fyrirlestur um kristna trú í dægurmenningunni sem tilboð inn í árshátíðarvikur framhaldsskólanna. Öll nemendafélög sem náðist í tóku tilboðinu fagnandi og mættu tæplega tvö hundruð framhaldsskólanemar á fyrirlestrana. 20 í MH, 19 í Kvennó, 64 í FÁ, 32 í FG og um 41 í Flensburg. Fyrirlestar af þessu tagi eru án efa sóknarfæri fyrir KSS og æskulýðsprest á næstu misserum.



Bænastundir KSS

Í haust hófust bænastundir KSS í nýju húsnæði. Bænastundirnar eru nú í Bústaðakirkju á hverju þriðjudagskvöldi kl. 20.15. Þátttaka á bænastundum hefur verið mjög góð líkt og undanfarin ár og mæta um 15 manns að meðaltali. KSS –ingar þakka fyrir sig með því að taka þátt í tveimur guðsþjónustum í Bústaðakirkju að hausti og vori. Einnig eru bænastundir í MR vikulega og taka margir nemendur þátt.



Fel Drottni vegu þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá.

Davíðssálmur 37.5

Upphaldsvers Gísla Guðlaugssonar 18 ára nema við Menntaskólann í Reykjavík.



Þorláksmessustund í Friðrikskapellu

Hin árlega þorláksmessustund KSH verður haldin í Friðrikskapellu að Hlíðarenda 23. desember næstkomandi kl. 23.30. Stundin er fyrir löngu orðin órjúfanlegur hluti af jólavenjum margra, enda gefst þar tækifæri til að njóta kyrrðar og helgi jólanna. Kyrrðar-stundin stendur yfir í 45 mínútur og verður með hefðbundnum hætti. Léttar veitingar verða í boði eftir stundina. Allir eru velkomnir.

Æskulýðsprestur tekur þátt í námskeiði á vegum IFES

Jóni Ómari, nýráðnum æskulýðspresti, var á haustmánuðum boðið að taka þátt í námskeiði fyrir unga forystumenn í kristilegu skólastarfi á vegum IFES (International Fellowship of Evangelical Students). Á námskeiðinu fer fram fræðsla um mannauðs-stjórnun, stjórnun frjálsra félagsamtaka, verkefnastjórnun, fjáröflun, sálgæslu og ráðgjöf fyrir framhaldsskólanema og háskólanema.

Sunnudagaskóli á Barnspítala Hringsins

Í haust sem fyrr hefur KSF séð um sunnudagaskóla á Barnspítala Hringsins í samstarfi við sr. Vigfús Bjarna Albertsson sjúkráhpriest. Starfið hefur gengið mjög vel og veitt mörgum börnum ómælda gleði og ánægju. Framhald verður á þessu góðu starfi í vetur og munu KSF-ingar tvímálalaust halda áfram að leggja sitt af mörkum.



Friðrikskapella (Ljós: Biskupsstofa)

**Friðrikskapella
23. desember
Kl. 23:30**



Leikræn tjáning á KSF fundi

Nýjar stjórnir í KSS og KSF

Fyrstu helgina í apríl voru nýjar stjórnir kosnar á aðalfundum KSS og KSF.

Úr stjórn KSS gengu: Perla Magnúsdóttir, Kristín Rut Ragnarsdóttir, Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson og Jóhann Axel Schram Reed.

Nýja stjórn skipa: Hilmar Einarsson (MR) formaður, Anna Elísa Gunnarsdóttir (MR) ritari og varaformaður, Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir (Kvennó) gjaldkeri, Gylfi Bragi Guðlaugsson (MH) og Bogi Benediktsson (FB) samfélagsfulltrúi.

Úr stjórn KSF gengu Práinn Haraldsson og Tinna Rós Steinsdóttir.

Nýja stjórn skipa: Þóra Jenny Benónýsdóttir formaður, Guðmundur Karl Einarsson gjaldkeri, Guðlaug Jökulsdóttir ritari, Arnór Heiðarsson tónlistarfulltrúi og Hlín Stefánsdóttir bænafulltrúi. Munum eftir stjórnarliðum í bænum okkar.



Allt magna ég fyrir hjálp hans sem mig styrkan gerir.

Filipíbréfið 4. 13

Uppáhaldsvers Guðlaugar Jökulsdóttur 21 árs nema við Háskólann í Reykjavík. Guðlaug er ritari KSF.

Norrænt stúdentamót í Vatnaskógi Metþátttaka á norrænum vettvangi

Norrænt stúdentamót var haldið í Vatnaskógi dagana 16. – 19. október og komu þar saman 104 háskólastúdentar af öllum Norðurlöndunum. Stúdentamótið er haldið á hverju ári af NOSA (Nordisk samarbejdsorganet), sem er samstarfsvettvangur kristilegra skólahreyfinga á Norðurlöndunum. Að þessu sinni var mótið á ábyrgð Íslendinga og sáu stúdentar í KSF (Kristilegu stúdentafélagi) um skipulagningu mótsins. Aðalræðumaður mótsins var Lindsay Brown, frá IFES (International Fellowship of Evangelical Students). Lindsay er sagnfræðingur frá Oxford háskóla og fyrrverandi framkvæmdastjóri IFES. Lindsay Brown flutti fjóra fyrirlestra þar sem hann fjallaði um grundvallaratriði kristilegs stúdentastarfs s.s. leiðtogahlutverkið, boðun kristinnar trúar í háskólasamfélagi og samtal við önnur trúarbrögð auk þess að miðla af



Lindsay Brown

áratugareynslu sinni af kristilegu stúdentastarfi. Karl Johan Bjørge, starfsmaður NKSS (Norges Kristelige Student- og Skolungdomslag) flutti fyrirlestur um trúarlíf á Norðurlöndunum með sérstaka áherslu á norskar rannsóknir. Þátttakendum stóð einnig til boða að taka þátt í smíðjum þar sem eftirfarandi efni voru til umfjöllunar: trúarstef í kvikmyndum og tónlist, boðun trúarinnar á post módernískum tímum, biblíulestur með aðferð heilags Ignatíusar og boðun trúarinnar í háskólasamfélaginu.

Þátttakendur komu til landsins síðdegis á miðvikudegi og hélt



Mótgestir heimsækja Skálholtsdómkirkju

hópurinn strax í Bláa lónið þaðan var ferðinni heitið í Víðistaðakirkju þar sem kvöldmatur var reiddur fram. Hópurinn gisti í húsi KFUM og KFUK í Laugardalnum. Á fimmtudeginum var þátttakendum boðið upp á skoðunarferð þar sem komið var við í Skálholti, á Þingvöllum, Gullfossi og Geysi. Í Skálholti nutu stúdentarnir leiðsagnar sr. Sigurðar Sigurðarsonar, vígslubiskups. Að kvöldi fimmtudagsins var komið í Vatnaskóg þar sem mótið fór fram. Mótinu var slitið í Hallgrímskirkju með norrænni stúdentamessu þar sem að norrænir stúdentar tóku virkan þátt í messunni. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, sóknarprestur í Hallgrímssókn, sr. Guðni Már Harðarson, prestur í Lindasókn og sr. Jón Ómar Gunnarsson, æskulýðsprestur Kristilegu skólahreyfingarinnar (KSH), þjónuðu í messunni. Sr. Jón Dalbú og Sr. Guðni Már eru fyrrverandi skólaprestar Kristilegu skólahreyfingarinnar.

Stúdentamótið var hið fjölmennasta í næstum 10 ár og var mikil almenn ánægja meðal þátttakenda. Næsta norræna stúdentamót NOSA verður haldið að ári í Finnlandi og mun KSF taka virkan þátt í undirbúningi þess.



Ísland skorið út í skúffuköku. Norðmenn áttu heiðurinn af þessari skreytingu.

Skapa í mér hreint hjarta, ó Guð, og veit mér
nýjan, stöðugan anda.
Davíðsálmur 51.12



Uppáhaldsvers Porleifs Einarssonar 19 ára nema í Fjölbautaskólanum í
Breiðholti.





... því að þín vegna býður hann út englum sínum til þess að gæta þín á öllum vegum þínum.

Davíðssálmur 91.11

Uppáhaldsvers Rakelar Brynjólfsdóttir 26 ára. Rakel situr í stjórn KSH.

Hlúum að starfi KSH

Starf KSS og KSF stendur á traustum fótum enda er það byggt á langri hefð og traustu bjargi. Fjölmargir koma að starfinu með beinum og óbeinum hætti og flestir í sjálfböðavinnu. Ræðumenn á fundum og leiðarar á skólamótum leggja auk eldri fulltrúa sitt að mörkum. Ómetanlegt framlag stjórnarmanna, tæknimanna, tónlistarfólks, kynningarnefndar, árs hátíðarnefndar, vefnefndar, samfélagsnefndar, nýársnámskeiðsnefndar, sjoppustjóra og fleiri gera félögunum kleift að sækja fram og breiða út Guðs orð meðal ungs fólks. Auk þess eru félögin borin upp af fyrirbænum fjölmargra. Starf félaganna er umfangsmikið og til þess að svo megi vera áfram er brýnt að tryggja fjárhag KSH svo hægt sé að auka við starfshlutfall starfsmanns enn frekar. Næg verkefni eru framundan fyrir starfsmann félaganna. Til þess að

sinna þeim er brýnt að auka starfshlutfallið. Besta leiðin til þess er að efla gjafakerfið. Þúsundir íslendinga hafa tekið þátt í starfi félaganna en einungis um 60 þeirra standa undir gjafakerfinu. Hægt er að taka þátt í gjafakerfinu með því að hafa samband við Jón Ómar á skrifstofu KSH í síma 5888899 eða með því að hafa samband við Gísla Jónsson gjaldkera (gislij@gmail.com). Með þessum Tengli fylgir gíróseðill sem nota má til að reiða af hendi staka gjöf til KSH. Þeir sem eru vel kunnugir heimabanka sínum á netinu geta einnig búið til reglulegar millifærslur á reikning KSH (rn. 115 – 265180 kt.510479-0259).

Við viljum þakka öllum velunnurum KSH hlýhuginn og biðjum Guð að blessa ykkur.

***Ekkert gjald er tekið
á meðan beðið er!***



Fundartímar KSS

Laugardagar kl. 20:30
Holtavegi 28
www.kss.is

Fundartímar KSF

Laugardagar kl. 20:30
Langholtskirkju
www.ksf.is